

OMX16	1.038	1.1%	OMXC	434	0.1%	OMXH	1.804	-0.8%	Dow Jones	11.023	-1.6%	FTSE	5.493	-0.6%
-------	-------	------	------	-----	------	------	-------	-------	-----------	--------	-------	------	-------	-------

# Niðurstöðu dóms að vænta

● Réttaróvissa vegna nýlegra dóma ● Gengislánamál í flýtimeðferð en langt í niðurstöðu varðandi fjármögnunarleigusamninga ● Lýsingarmálið hefur ekki fordæmisgildi ● Biðin er málsaðilum erfið

Helgi Vífill Júlíusson  
helgivi@mbi.is

Vonandi má vænta niðurstöðu frá Hæstarétti í þeim gengislánamálum sem fengið hafa flýtimeðferð næsta vor, að sögn Þorsteins Einarssonar, hæstaréttarlögmanns í Mótormax-málinu svokallaða. Hann bendir hins vegar á að fjármögnunarleigusamningar falla ekki undir þessa flýtimeðferð. Það sé því fullkomin óvissa um hvenær þau mál skýrast. „Það getur tekið óratíma,“ segir hann.

Samtök atvinnulífsins, Samtök iðnaðarins og Samtök verslunar og þjónustu héldu í gær fund um réttaróvissuna sem skapaðist vegna nýlegra dóma um fjármögnunarsamninga fyrirtækja og útreikning vaxta af erlendum lánum sem dæmd voru ólögleg.

## Lán eða kaupleiga

Oft er deilt um hvort um sé að ræða lánasamning eða kaupleigusamning. Lánasamninga er nefnilega óheimilt að gengistryggja. Því þarf að endurreikna lánið, lántökum í hag, en heimilt er að gengistryggja leigusamninga og þeir koma því ekki til endurútreiknings. Kaupleigusamningur þýðir að leigutaki mun eignast eða hefur kauprétt á leigutækni sem samningurinn nær til, en fram kom að þannig er málum



Morgunblaðið/Eggert

Fundur Fjölmenni var á opnum fundi í gærmorgun á Grand Hotel um fjármögnunarsamninga og réttaróvissu.

ekki háttáð í lánasamningunum.

Hjördís Vilhjálmstöddir, framkvæmdastjóri endurskipulagningar eigna hjá Landsbanka, segir að það sé ljóst að biða þurfi lengi eftir niðurstöðum í dómsmálum varðandi fjármögnunarleigusamninga bankans, þar sem þau séu ekki sett í forgang. Þessi bið sé erfið fyrir viðskiptavinum og bankann. En nú sé verið að ræða við viðskiptavinum um hvernig haga skuli viðskiptasambandinu, þar til skorið verður úr um réttaróvissuna. Hún segir að það sé ofsögum sagt, líkt og fram kom á



Einar Hugi Bjarnason



Þorsteinn Einarsson



Hjördís Vilhjálmstöddir

fundinum, að bið fyrirtækja eftir endurútreikningi á erlendum lánum sé spurning um líf og dauða hjá

þeim, því verið sé að endurskipuleggja fyrirtæki sem bankinn telur lífvænleg, m.a. með afskriftum.

Svokallað Lýsingarmál var talsvert til umræðu á fundinum en Hæstiréttur felldi dóminn í síðasta mánuði. Réttinum þótti ósannað að kaupréttur hefði verið til staðar hjá fyrirtækinu Smákráranar.

Þorsteinn segir að engu að síður hafi menn í raun gert ráð fyrir að um væri að ræða möguleika á kaupa tækið að samningi loknum, þótt það hafi ekki staðið skýrum stöfum í samningnum.

## Viðskiptasagan skipti máli

Dómur féll á annan veg í máli Þrotabús Kraftvélaeigunnar, því þar taldist sannað að fyrirtækið mátti kaupa tæki á tilteknu verði. Munurinn á umfangi viðskipta í þessum dómum er mikill: Kraftvélaeigan stundað umfangsmikil viðskipti og hafði átt í löngu viðskiptasambandi við bankann en á meðan umfangið og sagan var mun minni hjá Smákrönnum. Þorsteinn segir að rétturinn hafi litið mjög til þessarar sögu við dómsniðurstöðunna.

Þorsteinn og Einar Hugi Bjarnason hæstaréttarlögmaður, sem vann m.a. við Lýsingarmálið, eru sammála um að dómurinn hafi takmarkað fordæmisgildi. Einar Hugi sagði að þarna hefðu atviksbundin sjónarmið fyrst og fremst ráðið för, en ekki samningsformið. „Etir þennan dóm er fullkomin réttaróvissa um þessa samninga Lýsingar,“ segir hann. Þorsteinn segir að fordæmið sé að fjármögnunarsamningar séu lánasamningar í skilningi laga takist viðsemjanda ekki að sýna fram á kauprétt.

## OR nær góðum árangri varðandi aðgerðaáætlun

Árangur af aðgerðaáætlun Orkuveitu Reykjavíkur, sem miðar að því að bæta sjóðsstreymi um 50 milljarða fyrir árslok 2016, er ríflega 350 milljónum króna umfram áætlun á fyrsta ársfjórðungi.

Aðgerðaáætlunin sem hófst í apríl árið 2011 byggist á því að grípa til aðgerða á borð við hækkanir á gjaldskrá, eignasölu og að draga úr fjárfestingum Orkuveitunnar til að spara innan fyrirtækisins.

Alls var stefnt að því að lækka rekstrarkostnað Orkuveitunnar um tæplega 1,8 milljarða króna, að því er fram kemur í tilkynningu frá OR og árangurinn er samkvæmt því 18% umfram áætlun.

Lækkun fjárfestinga í veitukerfi-



Morgunblaðið/Ómar

## OR Höfuðstöðvar Orkuveitunnar.

um var meiri en gert var ráð fyrir en sala eigna var umtalsvert undir væntingum. Perlan og HS Veitur eru nú í söluferli og hafa verið um nokkurt skeið.

## Færri fara í þrot

● Gjaldþrotum fyrirtækja fækkaði á fyrstu fimm mánuðum ársins ● Nýskráningum félaga fjölgaði á sama tíma milli ára

Gjaldþrotum fyrirtækja fækkaði um 26% á fyrstu fimm mánuðum ársins samanborið við sama tímabil í fyrra. Þá fjölga nýskráningum einkahlutafélaga á milli ára, samkvæmt nýjum tölum Hagstofunnar.

### Munur á milli maímánaða 36%

Alls voru 520 fyrirtæki tekin til gjaldþrotaskipta á fyrstu fimm mánuðum ársins samanborið við 702 á sama tímabili í fyrra. Samsvarar breytingin um 26% fækkun á milli ára. Hefur gjaldþrotum fækkað í hverjum mánuði það sem af er ári

samanborið við sömu mánuði í fyrra. Í maímánuði voru 112 fyrirtæki tekin til gjaldþrotaskipta samanborið við 175 fyrirtæki á sama tíma á síðasta ári. Nemur fækkunin á milli maí-mánaða á milli ára 36%.

Flest voru gjaldþrotin í maí í byggingar- og smásöluverslun auk viðgerða á vélknúnum ökutækjum.

### Nýskráðum einkahlutafélögum fjölga á milli ára

Nýskráðum einkahlutafélögum fjölgaði í maímánuði sem og á milli

ára samkvæmt tölum Hagstofunnar. Voru nýskráð félög 151 í maímánuði nú í samanburði við 145 nýskráningar í sama mánuði 2011. Samsvarar það um 4% fjölgun á milli ára.

Flestar voru nýskráningarnar annars vegar í fjármála- og váttryggingastarfsemi og hins vegar á sviði fasteignaviðskipta.

Nýskráningar einkahlutafélaga á fyrstu fimm mánuðum ársins voru 737 talsins. Námu nýskráningar einkahlutafélaga 731 á fyrstu fimm mánuðum 2011 og er því um að ræða 1% aukningu á milli ára.

**Parki INTERIORS**

Hjá Parka færðu flísar í hæsta gæðaflokki frá þekktum ítölskum framleiðendum

Flísar eru stórglæsilegt og endingargott gólfefni, sem auðvelt er að þrifa.

Bjóðum aðeins það besta fyrir þig.

**Parki INTERIORS**

Dalveggi 10-14 • 201 Kópavogur • Sími: 595 0570 • parki.is

## Kostar heimilin milljarð

● Verðlagsnefnd búvara ákvað nýverið verðhækkun á mjólk og mjólkurafurðum um 4%. Sú hækkun mun skila sér í hækkun verðtryggðra lána heimilanna um rúmlega einn milljarð króna, nánar tiltekið 1.075 milljónir króna, samkvæmt Viðskiptablaðinu í gær.

Skannaðu kóðann til að sjá gengið eins og það er núna á [mbl.is](http://mbl.is)

Gengisskráning		28. júní 2012	
	Kaup	Sala	Mið
DOLLARI	126,5	127,1	126,8
STERLINGSPUND	196,74	197,7	197,22
KANADADOLLARI	123,14	123,86	123,5
DÖNSK KRÓNA	21,152	21,276	21,214
NORSK KRÓNA	20,837	20,959	20,898
SÆNSK KRÓNA	17,874	17,978	17,926
SVISSN. FRANKI	130,93	131,67	131,3
JAPANSKT JEN	159,29	160,23	159,76
SDR	191,04	192,18	191,61
EVRA	157,24	158,12	157,68
MEDALGENGI/VIÐSKIPTAVOG PRÖNG	218,5072		

Heimild: Seðlabanki Íslands